

## **Reglur Starfsmenntasjóðs Bændasamtaka Íslands**

### **Um sjóðinn**

Sjóðurinn heitir **Starfsmenntasjóður bænda**, skammstafað SBÍ. Tilgangur og markmið sjóðsins er að hvetja og styrkja bændur fjárhagslega til að afla sér endur- og starfsmenntunar, þannig efli þeir færni sína til að takast á við flóknari viðfangsefni.

### **Sjóðsaðild**

Aðeins félagar í Bændasamtökum Íslands með fulla aðild samkvæmt ákvæðum samþykktu BÍ eiga rétt á styrk úr SBÍ skv. reglum þessum.

### **Tekjur sjóðsins**

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

- a) *Framlag Framleiðnisjóðs landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun stjórnar hans.*
- b) *Eigið framlag Bændasamtaka Íslands skv. ákvörðun Búnaðarþings.*
- c) *Fjármagnstekjur af stofni sjóðsins og óráðstöfuðu fé á hverjum tíma.*

Sjóðurinn hefur aðskilinn, sjálfstæðan fjárhag og er vistaður hjá BÍ.

### **Stjórn sjóðsins**

Stjórn BÍ skipar þrjá aðila í stjórn SBÍ til tveggja ára í senn að loknu hverju reglulegu búnaðarþingi. Bændasamtökin annast alla daglega umsýslu með sjóðnum, afgreiða umsóknir og annast greiðslur námsstyrkja. Stjórn SBÍ kemur saman þegar þörf er á, fer yfir umsóknir og afgreiðslur þeirra, sker úr um vafaatriði, t.d. um sjóðsaðild eða styrkhæfi umsókna og tekur afstöðu í öðrum málum sem upp kunna að koma.

### **Styrksupphæð**

Styrksupphæð er að hámarki kr. 33.000 á almanaksári. Sú upphæð er endurskoðuð árlega og ákveðin í byrjun skólaárs (1/8 – 31/7). Umsókn um styrk skal berast innan 6 mánaða frá því að námskeiði lýkur. Ekki er tekið við eldri reikningum en 6 mánaða. Ekki eru greiddir hærri námsstyrkir en sem nemur framlögðum reikningum.

Til greiðslu endurmenntunarstyrks skal umsækjandi leggja fram afrit af námskeiðsskírteini og kvittun fyrir greiðslu námskeiðsgjalds.

### **Styrkhæfi**

- a. **Skilyrði um að námskeið skuli vera faglegt.** Til að hljóta námsstyrk þarf námskeiðið að tengjast núverandi starfs- eða búgreinum umsækjenda eða nýju fagsviði sem umsækjandi ætlar að hefja starfsemi á. Námskeið, sem miða að því að auka almenna starfshæfni umsækjenda á sviði **fjármála, tölvutækni, tungumála, fjarvinnslu og samskipta, eða félagsstarfa** eru styrkhæf þótt þau tengist ekki beint starfi umsækjanda.

Sjóðurinn veitir eftirfarandi námsstyrki;

- 1) *Umsækjandi sækir faglegt námskeið sem varir í tvo daga og er 15-24 kennslustundir (45 mín). Greiddur er námsstyrkur að hámarki kr. 33.000*
- 2) *Umsækjandi sækir faglegt námskeið sem varir í a.m.k. 8 kennslustundir (a.m.k. 45 mín.) Greiddur námsstyrkur að hámarki kr. 18.000*
- 3) *Umsækjandi sækir námskeið sem er skemmra en 8 kennslustundir (45 mín) en að lágmarki 4 kennslustundir. Minni kröfur eru gerðar til faglegs innihalds og greiddur er námsstyrkur að hámarki kr. 12.000*

Almenn tómsstunda- og líkamsræktarnámskeið eru ekki styrkhæf.

**b. Hvað er styrkt.** Umsækjendur geta fengið styrk til að mæta kostnaði við:

- \* námskeiðsgjöld (námskeið, kennsluefni og kennslukraftar).
- \* ferðakostnað (akstur og/eða flugfargjöld). Réttur til styrkja vegna ferðakostnaðar fyrir vegalengd (fram og til baka) frá 200-400 km er **kr. 7.000** og fyrir lengri vegalengdir eða flug innanlands **kr. 12.000**. Fyrir ferðakostnað erlendis að hámarki **kr. 25.000**. Ferðakostnaður reiknast ekki inn í hámarksupphæð á ári né inn í hámarksstyrkupphæð á námskeið. Upphæðir ferðastyrkja eru endurskoðaðar a.m.k árlega.

**c. Hvað er ekki styrkt.** Umsækjendur geta ekki fengið styrk vegna:

- \* uppihalds (fæðiskostnaðar og gistingar) utan námskeiðstíma,
- \* kynnisferða / bænduferða innanlands sem utan,
- \* skólagjalda í formlegu heildstæðu námi,
- \* launataps.

**d. Annað.** Heimilt er með samþykki stjórnar BÍ og eftir atvikum eftir tillögum eða umsögn fagráða að styrkja námskeið sem varða innra starf BÍ eða miðlun upplýsinga á námskeiðum sem sé grundvallaratriði að sækja til þess að geta tekið fullan þátt í viðkomandi búgrein. Slík námskeið eru ekki styrkhæf skv. a og b liðum. Jafnan skal leita mótframlags fagráða af fagfé búgreina til þessara námskeiða, ef við á.

### **Ferill umsókna**

- a. Skilafrestur.** Umsókn skal vera á nafni félagsmanns, lögaðili getur ekki sótt um styrk. Umsóknum skal skila til sjóðsins fyrir 10. hvers mánaðar. Annars geta umsækjendur ekki reiknað með að umsóknin verði tekin til afgreiðslu í þeim mánuði.
- b. Frágangur umsókna.** Umsækjendur skulu vanda frágang umsókna og tilgreina til hvers þeir ætla að verja styrkfénu auk annarra atriða sem tilgreind eru á umsóknareyðublaðinu. Að öðrum kosti geta umsækjendur átt það á hættu að umsóknir þeirra verði ekki afgreiddar, þar til bætt hefur verið úr.
- c. Staðfesting umsókna.** Ef umsóknir eru sendar inn rafrænt staðfestir starfsmaður sjóðsins móttöku innan tveggja virkra daga. Hafi staðfesting ekki borist umsækjanda innan þess frests þarf hann að hafa samband við starfsmann sjóðsins. Móttaka

umsókna sem berast í pósti eða eru afhentar á skrifstofu þarf ekki að staðfesta sérstaklega.

**d. Niðurstaða tilkynnt skriflega.** Þegar afgreiðsla umsókna hefur verið staðfest af starfsmanni eða stjórn sjóðsins er sjóðsfélögum kynnt niðurstaðan skriflega eða með tölvupósti. Það skal gert fyrir 25. hvers mánaðar.

**e. Styrkveitingar úr sjóðnum**

Útborgun endurmenntunarstyrkja skal fara fram eigi síðar en viku eftir að tilskyldum frumritum gagna er skilað inn.

**Viðurkenning námskeiða.** Þeim aðilum sem hyggjast standa fyrir sérstökum endurmenntunarnámskeiðum fyrir bændur (s.s. LBHÍ, Háskólanum á Hólum, RML, BÍ/Búnaðarsamböndunum, símenntunarmiðstöðvum og öðrum) verður gefinn kostur á að skila inn skriflegri greinargerð um fyrirhuguð námskeið, þar sem fram komi efnisþættir námskeiða, námskeiðstími, lengd o.þ.h., í þeim tilgangi að fá staðfestingu sjóðsins á viðkomandi námskeiði. Að fenginni slíkri staðfestingu geta þeir auglýst það um leið og námskeiðið.

**Réttur til að hætta við umsókn.**

Félagi sem fengið hefur vilyrði fyrir styrk er ekki skuldbundinn sjóðnum til þess að ljúka verkefni sem styrkt var. Ef verkefni er ekki lokið eða umsókn er dregin til baka áður en styrkur er greiddur út fellur styrkloforð niður og hefur umsóknin þá engin áhrif á réttindi umsækjanda hjá sjóðnum.

**Umsóknareyðublað og upplýsingar um sjóðinn.**

Umsóknareyðublað sjóðsins skulu vera aðgengileg og til rafrænnar útfyllingar á vefsíðu BÍ, [www.bondi.is](http://www.bondi.is). Upplýsingar um starfsemi og úthlutunarreglur sjóðsins skulu einnig vera aðgengilegar á vefsíðunni.

**Málskotsréttur.**

Ef félagi er ósáttur við afgreiðslu sjóðsins á styrkumsókn sinni og mati á fylgigögnum á hann ávallt rétt á að vísa erindi sínu til stjórnar BÍ sem hefur endanlegt úrskurðarvald. Úrskurður stjórnar BÍ er tekinn til afgreiðslu á næsta fundi sjóðsstjórnar.

**Önnur ákvæði.**

**a) Forgangsröðun.** Stefnt skal að því að árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins verði skipt sem jafnast milli vor- og haustannar. Nái árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins ekki að mæta væntanlegum skuldbindingum að mati sjóðsstjórnar skulu þeir njóta forgangs sem eigi hafa hlotið fyrirgreiðslu hjá sjóðnum áður. Ef þörf er frekari forgangsröðunar er sjóðsstjórn heimilt að gefa fræðilegri verkefnum forgang umfram önnur.

**b) Gildistaka.** Reglur þessar voru upphaflega samþykktar á stjórnarfundi Bændasamtaka Íslands 18. febrúar 2009 og taka gildi frá þeim degi. Þeim var síðan breytt á fundi stjórnar BÍ sem haldinn var þann 26. apríl 2017.

**c) Birting.** Reglurnar skulu birtar á vefsíðu BÍ, [www.bondi.is](http://www.bondi.is).

**d) Breytingar á reglum.** Samþykki stjórn BÍ breytingar á reglum þessum verða þær kynntar á viðeigandi vettvangi og uppfærðar á vefsíðu BÍ, [www.bondi.is](http://www.bondi.is).